Strandveiðifélagið KRÓKUR
ályktanir til 30. aðalfundar LS 2014

1. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á sveitastjórnir að taka undir kröfu Landssambands smábátaeigenda um breytingar á reglum um strandveiðar þannig að tryggt verði að veiðar á einstökum strandveiðisvæðum stöðvist ekki vegna aflaviðmiðunar.
   Aðrar reglur verði óbreyttar.

2. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á ráðamenn að breyta lögum um línuívilnun þannig að ívilnun í ýsu verði 30% og hún taki til allra dagróðrabáta.

3. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á stjórnvöld að vinna að því að byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.

4. Strandveiðifélagið KRÓKUR vísar á bug hugmyndum Hafrannsóknastofnunar um fjölda veiðidaga á grásleppuvertíð sem byggð er á mælingum úr togararalli stofnunarinnar.
   Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af tillögum grásleppuveiðimanna um lengd veiðitíma sem bæði er byggð á hugmyndum þeirra um stærð stofnsins og markaðsaðstæðum.

5. Aðalfundur Strandveiðifélagsins KRÓKS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast vil belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á grásleppunetatrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

   Greinagerð:
   Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

6. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á stjórnvöld að gefa markrílveiðar smábáta frjálsar frá 1. júlí til 31. desember.